**Nd. 333. Nefndarálit**

um frumv. til laga um atkvæðagreiðslu utan kjörstaðar kjósenda við alþingiskosningar.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Eins og fyrirfram var vitað, klofnaði allsherjarnefnd um þetta mál. Meiri hluti nefndarinnar, sem flutti þetta frumv., leggur til við háttv. deild, að frumv.

verði samþykt. Einn nefndarmaðurinn (H. V.) er frumvarpinu fylgjandi með breytingum, er hann flytur á sjerstöku þingskjali; en einn nefndarm. (J. K.) er algerlega á móti því, að málið nái fram að ganga. Meiri hlutinn væntir þess, að háttvirt deild sjái nauðsyn þessa máls og fylgi því eindregið fram til sigurs.

Alþingi, 5. apríl 1927.

Jörundur Brynjólfsson, form. og frsm. — Jón Guðnason, fundaskr. — Árni Jónsson.